

Aðalfundur Kennarafélags FSu

haldinn í Odda föstud. 25. sept. 2009

Mættir; 22

1. Helgi Hermannsson setti fund. Hannes kosinn fundarstjóri.
2. Fyrsta verk fundarstjóra (utan dagskrár) var að vísa utanfélags hunangsflugu af fundinum
3. Helgi Hermanns formaður flutti skýrslu stjórnar og rifjaði upp helstu viðburði frá síðasta aðalfundi. Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir og tveir almennir fundir, annar þeirra í samvinnu við starfsmannafélagið. Helgi og Þórey sóttu fulltrúafundi og Þórey einnig trúnaðarmannanámskeið. Framhaldsskólinn í Borgarnesi var heimsóttur 28. febrúar og Brák barin augum í leiðinni. Í lokin gat Helgi þess að hann gefi ekki kost á sér áfram í stjórnina.
4. Aðalheiður Jónasdóttir fór yfir reikninga félagsins. Í sjóði eru rúmar 83.000 kr. Reikningar samþykktir samhljóða.
5. Kosningar. Tillögur stjórnar:
Í aðalstjórn: Hörður Ásgeirsson, Hulda Finnlaugsdóttir, Ægir Pétur Ellertsson, Brynja Ingadóttir (samþykkt einróma)
Í varastjórn: Þórey Hilmarsdóttir, Kristín Runólfssdóttir (samþykkt einróma)
Í samstarfsnefnd: Sigurður Grímsson, Hörður Ásgeirsson, Helgi Hermannsson, Þórey Hilmarsdóttir, Vera Valgarðsdóttir (samþykkt einróma)
Skoðunarmenn reikninga: Ægir Sigurðsson, Álfhildur Eiríksdóttir (samþykkt einróma)
Fagráð (óbreytt): Jón Özur, Ester Ýr, Helga Jóh. (samþykkt einróma)
Fulltrúi á fulltrúafund FF: Verðandi formaður (samþykkt einróma)
6. Starfsáætlun næsta árs. Helgi Hermannsson fráfarandi formaður reifaði nokkrar hugmyndir. Þann 14. okt. nk. kemur formaður FF og erindreki til fundar í FSu. Fulltrúafundur snemma á næsta ári. Hugmyndir um að virkja félagsmenn til örnámskeiða næstu annir. Annað fyrirsjáanlegt, t.d. nýju lög, aukið samstarf þrískólanna, áframhaldandi þróun vefsíðu félagsins ...
7. Önnur mál
 - a) Ferðalag í vor? Vilji starfsfólks verður líklega kannaður á næstunni.
 - b) Þórey, um vísindasjóðinn. Nú búið að afnema þriggja ára regluna varðandi skólaheimsóknir. Styrkupp hæðir hafa einnig verið hækkaðar. Í A-deild eru styrkir nú 60 þús. og frá 1. okt. ber hver félagi ábyrgð á að reikningar liggi fyrir.
 - c) Þórarinn þakkaði Þóreyju sérstaklega fyrir að ná því fram að 3ja ára reglan var afnumin. Lófaklapp.

Hannes fundarstjóri sleit fundi og þakkaði fundarmönnum setuna.

Fundi slitið kl. 15:52

Gísli Skúlason fundarritari.